


Alþingi
Erindi nr. P 126/2150
komudagur 30. 4. 2001




Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 23.03.01

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um atvinnuréttindi útlendinga, 624. mál,
heildarlög. Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000-2001**

Samkvæmt bréfi dags. 10. apríl 2001, er Miðstöð nýbúa gefinn kostur á að veita
umsögn um frumvarp til laga um atvinnuréttindi útlendinga.
Miðstöð nýbúa gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst, fyrir hönd Miðstöðvar nýbúa


Guðrún Pétursdóttir



Athugasemdir Miðstöðvar nýbúa:

Miðstöð nýbúa harmar að ekki sé gert ráð fyrir frekari breytingum á lögum um atvinnuréttindi útlendinga í þessu nýja frumvarpi. Eftirfarandi athugasemdir eru gerðar:

7. grein

Miðstöð nýbúa gerir alvarlega athugasemd við þessa grein laganna og harmar að ennþá skuli fyrsta atvinnuleyfi vera veitt ákveðnum atvinnurekanda en ekki launþeganum sjálfum. Við í Miðstöð nýbúa verðum oft vör við ákveðna misnotkun í kjölfar þessara laga þ.e. að vinnuveitendur noti þau til að halda launþegum sínum í óöryggi og ótta. Þetta getur orðið til þess að fólk býr við verri vinnuskilyrði, fær greidd lægri laun, fær ekki borgaðar orlofsgreiðslu o.s.frv. Launþegar, sem eru háðir vinnuveitanda sínum á þennan hátt séu hræddir við að gera kröfur um rétt sinn af ótta við að atvinnurekandinn endurnýji ekki ráðningarsamninginn og að þeir missi þannig atvinnu- og dvalarleyfið í kjölfarið.

Okkar tillaga er að atvinnuleyfið sé veitt launþeganum sjálfum ef hann getur lagt fram ráðningarsamning við ákveðið fyrirtæki. Ef hann ákveður einhverra hluta vegna að hætta hjá þessu fyrirtæki þarf hann að leggja fram nýjan ráðningarsamning til að fá nýtt atvinnuleyfi fyrstu þrjú árin eins og nú er. Ef hann fær ekki aðra vinnu og getur þar af leiðandi ekki sýnt fram á framfærslu, er dvalarleyfi hans ekki endurnýjað. Þessi háttur myndi tryggja sambærilega meðhöndlun erlends- og íslensks vinnuafis.

- a) Miðstöð nýbúa finnst sá hugsunarháttur ekki samræmast nútíma samfélagi að fyrirtæki þurfi að ráða fólk í vinnu til sín á forsendum þjóðernis þess, en ekki fyrst og fremst á forsendum hæfni þess til starfsins.
- b) Þessi liður getur orðið til þess að ákveðið stéttarfélag láti þjóðernishyggju ráða verkum sínum en ekki hag fyrirtækisins eða landsins og standi vörð um að fámennt sé í ákveðinni stétt til að halda uppi launum.
- c) Athuga ber hér að tímabundnum ráðningarsamningi má samkvæmt lögum ekki segja upp áður en samningstíma lýkur. Ef ekki er samkomulag um ráðingaslit getur hvorugur aðili sagt upp samningnum. Þannig kemur tímabundinn ráðningarsamningur alltaf í veg fyrir að útlendingur geti sagt upp störfum innan þessa fyrsta árs og er hann því bundinn atvinnurekanda sínum nema til alvarlegra brota á vinnurétti komi.
- d) Hér er gert ráð fyrir að atvinnurekandi sjúkratryggi starfsmann sinn fyrstu 6 mánuðina. Okkur er ekki kunnugt um neitt tryggingarfélag, sem býður upp á slíka tryggingu og á meðan svo er, er óhæft að setja slíkt ákvæði í lög.
- e) Miðstöð nýbúa þykir ómannúlegt og óeðlilegt að það sé bundið í lög að útlendingar skuli fluttir aftur til heimalands ef þeir verða óvinnufærir vegna veikinda eða slysa. Hvernig er með fólk, sem á fjölskyldu sína hér á landi og hefur flutt frá heimalandi sínu, ekki með endurkomu í huga. Er eðlilegt að einstaklingur í þeirri stöðu sé sendur heim vegna veikinda eða slysa? Koma þarf skýrt fram hvort einstaklingur er skyldugur til að flytjast aftur til heimalands við slíkar aðstæður eða hvort þetta eigi aðeins við ef viðkomandi vill sjálfur flytja til baka.

Miðstöð nýbúa fagnar þeim lið, þar sem segir að veita megi atvinnuleyfi nánustu aðstandendum útlendinga, sem fengið hefur búsetuleyfi. Mikilvægt er þó að fram komi hvort mögulegt sé að sækja um tímabundið atvinnuleyfi fyrir aðstandendur eftir að komið er til landsins eða hvort það er óbreytt fyrirkomulag frá því sem nú er. Þ.e. að fyrst þurfi að finna vinnuveitanda til að sækja um atvinnuleyfi. Ef svo er, er staðan fyrir aðstandendur sú sama og fyrir aðra innflytjendur.

8. grein

Þetta ákvæði gerir bæði innflytjendum og íslenskum fyrirtækjum afar erfitt fyrir, þar sem ekki er auðvelt að leyta að atvinnu þegar maður er staddur í öðru landi eða heimshluta. Einnig gerir atvinnurekandi ráðningarsamning við einstakling, sem hann hefur aldrei séð eða talað við persónulega.

Í 1. mgr. er talað um "sanngirnissástæður". Í athugasemdum um þessa grein er ekki talað um aðstandendur útlendinga sem sanngirnissástæður en afar mikilvægt er að það komi fram í frumvarpinu ef þeir eru undanskildir þessum lið. Í frumvarpi um útlendinga er gert ráð fyrir að veita megi nánustu aðstandendum útlendinga með búseturétt dvalarleyfi, en ef aðstandendur mega aðeins dvelja á landinu en ekki vinna, er það ákvæði merkingarlaust.

11. grein

- ◆ Miðstöð nýbúa gerir athugasemd við þá kröfu að útlendingur, sem stundað hefur nám í 3 ár á Íslandi þurfi að hafa lokið námi til að fá óbundið atvinnuleyfi. Ýmsar ástæður geta legið að baki því að einstaklingur lýkur ekki námi þrátt fyrir raunverulega ástundun og er óeðlilegt að einstaklingur, sem hér hefur búið til margra ára þurfi að fá atvinnurekanda til að sækja um atvinnuleyfi fyrir sig eða jafnvel fara úr landi þar sem ekki er heimilt að sækja um fyrsta atvinnuleyfi eftir að maður kemur til landsins. Þannig vantar hér undanþágu við 1. mgr. 8. greinar, þ.e. að fyrsta leyfi skuli veitt *áður* en einstaklingur kemur í fyrsta sinn til Íslands.
- ◆ Hér segir í 3. mgr. að víkja megi frá skilyrðum 11. greinar ef um erlendan maka Íslendinga er að ræða. Hins vegar er alveg óljóst hvaða skilyrði útlendingur, sem skilur við maka sinn innan tveggja ára, þarf að uppfylla. Þarf viðkomandi t.d. að finna atvinnurekanda til að sækja um atvinnuleyfi fyrir sig og þarf hann að uppfylla ákvæði 8. greinar um að hafa fengið tímabundið atvinnuleyfi áður en hann kemur í fyrsta sinn til starfa á Íslandi? Þetta þarf að koma skýrt fram í lögunum eða athugasemdum með þeim.
- ◆ Sérstaklega finnst Miðstöð nýbúa ómannúðlegt að leggja áhyggjur um atvinnuleyfi aukalega á einstakling sem misst hefur maka sinn og er það okkar skoðun að ekkja/ekkill íslensks ríkisborgara ætti skilyrðislaust á fá ótímabundið atvinnuleyfi.

12. grein

Miðstöð nýbúa þykir eðlilegra að námsmönnum sé veitt atvinnuleyfi í eitt ár í senn en ekki aðeins sex mánuði og þurfa þá alltaf að endurnýja leyfið á hálfis árs fresti.

Atriði sem Miðstöð nýbúa finnst tilfinnanlega vanta í frumvarpið:

1. Ferli atvinnuleyfisumsókna - Þurfa ennþá allar atvinnuleyfisumsóknir að fara í gegnum útlendingaeftirlit, jafnvel endurnýjun atvinnuleyfa þar sem viðkomandi hefur þegar dvalarleyfi.
2. Ávæði þar sem kemur skýrt fram að viðkomandi einstaklingur hafi rétt til að skipta um vinnu innan fyrstu 3 árána, jafnvel þótt hann hafi gert samning til eins árs, ef annar atvinnurekandi er tilbúinn til að ráða hann í vinnu. Ef það kæmi skýrt fram í lögnum gæti það unnið upp á móti þeim neikvæðu áhrifum sem það hefur að atvinnuleyfi sé bundið ákveðnum atvinnurekanda.
3. Skýra þarf í lögnum hver réttur útlendinga til atvinnuleysistrygginga er, ef vinnuveitandi riftir ráðningarsamningi t.d. vegna verkfalla eða annars.
4. Miðstöð nýbúa hvarmar að atvinnurekstrarleyfi hafi verið tekið úr lögnum. Í öðrum Evrópulöndum er æ meiri áhersla lögð á aðstoð við útlendinga til að stofna eigið fyrirtæki. Bæði nýtist með því móti þekking, sem aðfluttir einstaklingar flytja með sér til landsins, brotið er upp það mynstur að útlendingar séu aðallega í lægst launuðu störfunum og einnig eru fyrirtæki útlendinga atvinnuskapandi. Við leggjum því til að áfram verði hægt að sækja um atvinnurekstrarleyfi.